# Sparisjóður Norðfjarðar

## Ársreikningur
## 2004

Sparisjóður Norðfjarðar
Egilsbraut 25
740 Neskaupstaður

Kt. 610269-7029

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn ...... 3

Áritun endurskoðenda ......................................... 4

Rekstrarreikningur ............................................... 5

Efnahagsreikningur ............................................. 6

Yfirlit um sjóðstreymi ......................................... 8

Skýringar ............................................................ 9

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur sparisjóðsins árið á undan.

Hagnaður varð á rekstri sparisjóðsins á árinu 2004 að fjárhæð 14 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 375 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 17,0% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 10% arður til stofnfjáraðila á árinu 2005 vegna ársins 2004. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 10 millj. kr. og skiptist það í 268 jafna hluti.

Á árinu störfuðu 15 starfsmenn að meðaltali hjá sparisjóðnum í 13 stöðugildum og námu launagreiðslur samtals 65 millj. kr.

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar og sparisjóðsstjóri staðfesta ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Neskaupstað, 3. mars 2005.

Stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar:

Jón Kristinn Ólafsson
formaður

Ágúst Ármann Þorláksson

Guðmundur Jónas Skúlason

Guðný Sveinlaug Bjarkadóttir

Þorgeir Sæberg Sigurðsson

Sparisjóðsstjóri:

Vilhjálmur Pálsson

# Áritun endurskoðenda

Stjórnar og stofnfjáraðila í Sparisjóði Norðfjarðar.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 47. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Neskaupstað, 3. mars 2005.

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 12.285.656 | 8.897.081 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 232.629.155 | 185.107.153 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 6.572.462 | 6.963.046 |
| | 4 | 251.487.273 | 200.967.280 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld til lánastofnana | | 825.518 | 1.181.516 |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 113.769.050 | 84.654.410 |
| Vaxtagjöld af lántöku | | 2.884.092 | 1.496.860 |
| | 4 | 117.478.660 | 87.332.786 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 134.008.613 | 113.634.494 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum | 5,31,32 | 13.757.352 | 3.457.015 |
| Þjónustutekjur | 6,15 | 47.680.135 | 43.133.672 |
| Þjónustugjöld | | ( 8.217.807) | ( 7.987.619) |
| Gengishagnaður | 16 | 9.051.857 | 4.207.679 |
| Ýmsar rekstrartekjur | 17 | 8.704.092 | 70.714.589 |
| | | 70.975.629 | 113.525.336 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 204.984.242 | 227.159.830 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 19,20 | 84.514.676 | 70.053.269 |
| Annar almennur rekstrarkostnaður | | 65.304.035 | 57.308.951 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 11,33 | 6.248.686 | 5.881.225 |
| | | 156.067.397 | 133.243.445 |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 8,28 | ( 32.125.477) | ( 28.683.116) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 16.791.368 | 65.233.269 |
| Tekjuskattur | 42 | ( 2.469.563) | ( 11.864.859) |
| **Hagnaður ársins** | 44 | 14.321.805 | 53.368.410 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir:** | | | |
| Sjóður | | 37.354.020 | 19.790.010 |
| Kröfur á lánastofnanir | 23 | 415.240.662 | 124.022.147 |
| | | 452.594.682 | 143.812.157 |
| **Útlán:** | 7-9, 24-28 | | |
| Útlán til viðskiptamanna | | 2.030.863.172 | 1.474.560.361 |
| Fullnustueignir | | 13.400.000 | 5.000.000 |
| | | 2.044.263.172 | 1.479.560.361 |
| **Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:** | 10, 29-32 | | |
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | | 53.588.806 | 70.518.978 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | | 167.839.714 | 136.694.139 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | | 46.258.569 | 35.491.480 |
| | | 267.687.089 | 242.704.597 |
| **Aðrar eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 11,33 | 131.165.838 | 123.723.113 |
| Ýmsar eignir | | 5.193.272 | 3.799.728 |
| Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur | 34 | 5.610.625 | 8.515.293 |
| | | 141.969.735 | 136.038.134 |
| **Eignir samtals** | | 2.906.514.678 | 2.002.115.249 |

# 31. desember 2004

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Innlán:** | | | |
| Óbundin innlán | | 705.602.178 | 616.132.849 |
| Bundin innlán | 38 | 1.222.245.991 | 858.259.747 |
| | | 1.927.848.169 | 1.474.392.596 |
| **Lántaka** | 39 | 455.273.277 | 47.680.361 |
| **Aðrar skuldir:** | | | |
| Ýmsar skuldir | 40 | 24.201.944 | 16.496.205 |
| Áfallin gjöld | | 20.353.993 | 7.083.696 |
| | | 44.555.937 | 23.579.901 |
| **Reiknaðar skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 12,41 | 77.938.000 | 70.463.000 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 13,42 | 26.395.802 | 24.358.175 |
| | | 104.333.802 | 94.821.175 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Stofnfé | | 10.217.232 | 9.730.812 |
| Varasjóður | | 364.286.261 | 351.910.404 |
| Eigið fé samtals | 43-45 | 374.503.493 | 361.641.216 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 2.906.514.678 | 2.002.115.249 |

| | Skýr. |
|---|---|
| **Utan efnahagsreiknings:** | |
| Skuldbindingar vegna viðskiptamanna | 46 |
| Aðrar skuldbindingar | 47 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2004

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | 43 | 14.321.805 | 53.368.410 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttingar | | 9.202.032 | 12.627.294 |
| Sölutap (-hagnaður) | | 50.000 | ( 64.297.674) |
| Framlag í afskriftareikning útlána | 28 | 32.125.477 | 28.683.116 |
| Tekjuskattur | | 2.037.627 | 11.864.859 |
| Aðrir liðir | | ( 6.950.624) | 13.522.272 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 18.118.793 | 2.781.539 |
| Handbært fé frá rekstri | | 68.905.110 | 58.549.816 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | 73.030.698 | 145.994.000 |
| Útlán, breyting | | ( 561.146.663) | ( 374.804.635) |
| Veltuhlutabréf, breyting | | 3.321.065 | ( 67.741.861) |
| Veltuskuldabréf, breyting | | 16.930.172 | 38.207.428 |
| Fjárfestingarhlutabréf, breyting | | ( 25.559.419) | 98.005.620 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | 33 | ( 13.891.411) | ( 15.500.000) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 33 | 150.000 | 2.700.000 |
| Ýmsar eignir, breyting | | ( 1.393.544) | ( 1.989.580) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 508.559.102) | ( 175.129.028) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Innlán, breyting | | 410.221.575 | 78.694.823 |
| Lántaka, breyting | | 406.943.257 | ( 5.807.758) |
| Ýmsar skuldir, breyting | | 5.761.911 | ( 36.216.144) |
| Arður af stofnfé | 44 | ( 1.459.528) | ( 1.355.008) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 821.467.215 | 35.315.913 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 381.813.223 | ( 81.263.299) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 42.312.157 | 123.575.456 |
| **Handbært fé í árslok** | 12 | 424.125.380 | 42.312.157 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í skýringum birtar í þúsundum.

2. Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem sparisjóðurinn hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Ársreikningurinn inniheldur hlutdeild sparisjóðsins í afkomu hlutdeildarfélaga.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

4. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánum, lántöku og víkjandi lánum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

### *Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum*

5. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

### *Þjónustutekjur*

6. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla meðal annars tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins þegar þær verða til.

### *Útlán*

7. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2004.

8. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

9. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu söluverði.

### *Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum*

10. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

    Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

### *Rekstrarfjármunir*

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25-50 ár |
| Húsbúnaður | 5 ár |
| Skrifstofuáhöld og tæki | 3-5 ár |
| Bifreiðar | 10 ár |

### *Lífeyrisskuldbinding*

12. Sparisjóðurinn hefur lagt til hliðar fjárhæðir til að mæta eftirlaunaskuldbindingum vegna starfsmanna. Skuldbinding sparisjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

13. Tekjuskattsskuldbinding sparisjóðsins er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs taps. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og í ársreikningi hins vegar.

### *Handbært fé*

14. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Aðrar rekstrartekjur

15. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Ábyrgðarþóknun | 914 | 969 |
| Aðrar þjónustutekjur | 46.766 | 42.165 |
| Samtals | 47.680 | 43.134 |

16. Gengishagnaður sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf | 9.013 | (2.193) |
| Veltuskuldabréf | (1.029) | 5.984 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | 1.068 | 417 |
| Samtals | 9.052 | 4.208 |

17. Ýmsar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Söluhagnaður fjárfestingarhlutabréfa | 0 | 64.298 |
| Aðrar tekjur | 8.704 | 6.417 |
| Samtals | 8.704 | 70.715 |

## Starfsmannamál

18. Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 13,3 | 11,5 |
| Stöðugildi í árslok | 13,0 | 13,0 |

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 64.733 | 46.652 |
| Launatengd gjöld | 19.782 | 23.401 |
| Samtals | 84.515 | 70.053 |

20. Laun og þóknanir til stjórnar og sparisjóðsstjóra greinast þannig:

| | 2004 |
|---|---|
| Sparisjóðsstjórar: | |
| Vilhjálmur Pálsson | 2.337 |
| Sveinn Árnason | 9.298 |
| Stjórnarformaður | 478 |
| Aðrir stjórnarmenn (4) | 1.274 |
| Samtals | 13.387 |

Í byrjun október 2004 lét Sveinn Árnason af störfum og mun hann fá greidd laun að fjárhæð 6,5 millj. kr. á árinu 2005 samkvæmt starfslokasamningi og voru þau færð til gjalda hjá sparisjóðnum á árinu 2004. Á sama tíma tók Vilhjálmur Pálsson við starfi sparisjóðsstjóra og eru laun hans miðuð við þann tíma sem hann gegndi stöðu sparisjóðsstjóra.

21. Sparisjóðurinn hefur veitt stjórnarmönnum sjóðsins lán og nema þau samtals 0,6 millj. kr. Í framangreindri fjárhæð eru lán atvinnurekstrar stjórnarmanna ekki meðtalin. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## Þóknun endurskoðenda

22. Þóknun til endurskoðenda félagsins sundurliðast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 1.201 | 1.107 |
| Könnun árshlutareiknings | 421 | 0 |
| Önnur þjónusta | 1.096 | 734 |
| Samtals | 2.718 | 1.841 |

## Kröfur á lánastofnanir

23. Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 386.771 | 22.522 |
| Allt að 3 mánuðir | 0 | 80.000 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 153 | 0 |
| Yfir ár og allt að 5 árum | 1.876 | 0 |
| Yfir 5 ár | 4.941 | 0 |
| Bundnar kröfur á Sparisjóðabanka Íslands samkvæmt reglum um bindiskyldu | 21.500 | 21.500 |
| Samtals | 415.241 | 124.022 |

## Útlán

24. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

| | | |
|---|---|---|
| Yfirdráttarlán | 648.333 | 725.476 |
| Víxlar | 8.911 | 7.986 |
| Skuldabréf | 1.373.619 | 741.098 |
| Samtals | 2.030.863 | 1.474.560 |

25. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,3% | 11,6% |
| Atvinnugreinar: | | |
| Landbúnaður | 0,0% | 0,2% |
| Sjávarútvegur | 8,8% | 6,7% |
| Verslun | 4,2% | 3,3% |
| Iðnaður og verktakar | 22,5% | 13,8% |
| Þjónusta | 11,3% | 11,3% |
| Einstaklingar | 52,9% | 53,1% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% |

26. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 83.713 | 33.621 |
| Allt að 3 mánuðir | 433.742 | 500.914 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 255.288 | 297.273 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 469.516 | 403.238 |
| Yfir 5 ár | 788.603 | 239.514 |
| Samtals | 2.030.863 | 1.474.560 |

27. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok ársins greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir | 148.145 | 99.789 |
| Sérstakur afskriftareikningur útlána | ( 73.608) | ( 61.826) |
| Önnur vaxtafryst útlán | 33.275 | 65.605 |
| Óvaxtaberandi útlán samtals | 107.812 | 103.568 |

28. Afskriftareikningur útlána er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða að fjárhæð 2,3 millj. kr. sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi. Breytingin á reikningnum greinist þannig:

| | Afskriftareikningur | | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|
| | Sérstakur | Almennur | Samtals | Samtals |
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun | 61.826 | 43.441 | 105.267 | 81.948 |
| Framlag í afskriftareikning á árinu | 28.545 | 3.581 | 32.126 | 28.683 |
| Endanlega töpuð útlán | ( 16.763) | | ( 16.763) | ( 5.364) |
| Afskriftareikningur útlána í árslok | 73.608 | 47.022 | 120.630 | 105.267 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 3,4% | 2,1% | 5,5% | 6,3% |

## Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

29. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | Markaðsverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Veltuskuldabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 34.143 | 34.143 |
| Önnur skráð bréf | 9.240 | 9.240 |
| Óskráð skuldabréf | | 10.206 |
| | | 53.589 |

30. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Veltuhlutabréf: | | |
| Skráð í Kauphöll Íslands | 77.613 | 77.613 |
| Fjárfestingarhlutabréf: | | |
| Önnur skráð bréf | 6.000 | 6.000 |
| Óskráð hlutabréf | | 84.227 |
| | | 90.227 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals | | 167.840 |

31. Fjárfestingarhlutabréf greinast þannig:

| | Eignarhlutur | Arður | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Íslensk verðbréf hf., Akureyri ............................ | 6,8% | 1.848 | 7.393 | 29.573 |
| Fjárfestingafélag sparisjóðanna hf., Reykjavík ... | 2,7% | 0 | 20.000 | 20.000 |
| Eignarhaldsfélag Austurlands hf., Fjarðabyggð .. | 26,8% | 0 | 8.000 | 9.306 |
| Uppspretta S.A., Lúxemborg .............................. | 1,0% | 0 | 100 | 6.000 |
| Fjárfestingarfélag Austurlands hf., Fjarðabyggð . | 4,0% | 0 | 5.000 | 5.816 |
| SP-Fjármögnun hf., Reykjavík ........................... | 0,9% | 343 | 3.431 | 5.395 |
| Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis, Höfn ..... | 4,7% | 0 | 3.556 | 3.511 |
| Hekla á Austurlandi ehf., Reyðarfirði ................ | 15,9% | 0 | 3.000 | 3.000 |
| Sparisjóður Vestfirðinga, Þingeyri ..................... | 1,2% | 0 | 2.000 | 2.000 |
| Greiðslumiðlun hf., Reykjavík ........................... | 0,1% | 328 | 1.642 | 1.978 |
| Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna ehf., Reykjavík | 1,4% | 0 | 1.560 | 1.560 |
| Intrum á Íslandi ehf., Reykjavík ......................... | 0,4% | 0 | 2 | 1.217 |
| Kreditkort hf., Reykjavík ................................... | 0,1% | 471 | 550 | 839 |
| Smárahúsið ehf., Kópavogi ................................ | 1,1% | 0 | 28 | 32 |
| Samtals ............................................................. | | 2.990 | | 90.227 |

32. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | Eignar-hlutur | Hagnaðar-hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Hlutir í lánastofnunum: | | | | |
| Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík ...... | 1,2% | 9.680 | 8.875 | 38.736 |
| Hlutir í öðrum félögum: | | | | |
| Reiknistofa bankanna, Reykjavík ............... | 1,5% | ( 172 ) | 3.782 | 3.782 |
| Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi ..... | 1,3% | 1.259 | 3.741 | 3.741 |
| Samtals ...................................................... | | 1.087 | | 7.523 |
| Hlutdeildarfélög alls ........................................ | | 10.767 | | 46.259 |

## Aðrar eignir

33. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Húseignir | Húsbúnaður og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2004 ..................................................... | 142.135 | 35.946 | 178.081 |
| Viðbætur á árinu .......................................................... | 9.900 | 3.992 | 13.892 |
| Selt á árinu ................................................................... | 0 | ( 250) | ( 250) |
| Heildarverð 31.12.2004 .............................................. | 152.035 | 39.688 | 191.723 |
| Afskrifað áður ............................................................. | 28.275 | 26.083 | 54.358 |
| Afskrifað á árinu .......................................................... | 2.967 | 3.282 | 6.249 |
| Selt á árinu ................................................................... | 0 | ( 50) | ( 50) |
| Afskrifað samtals 31.12.2004 .................................... | 31.242 | 29.315 | 60.557 |
| Bókfært verð 31.12.2004 ............................................ | 120.793 | 10.373 | 131.166 |
| Afskriftahlutföll ........................................................... | 2-4% | 10-33% | |

Fasteignamat húseigna og lóða nam í árslok 70 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 163 millj. kr. Vátryggingaverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda nam 40 millj. kr. í árslok.

## Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur

34. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreidd gjöld | 0 | 520 |
| Áfallnar tekjur | 5.611 | 7.995 |
| Samtals | 5.611 | 8.515 |

## Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki

35. Kröfur á hlutdeildarfélög námu 408 millj. kr. í árslok og skuldir á sama tíma námu 66 millj. kr.

## Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

36. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.363 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.658 millj. kr.

37. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 112 millj. kr. í árslok og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 102 millj. kr.

## Innlán

38. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 3 mánuðir | 176.490 | 184.272 |
| Yfir 3 mánuði og allt að ári | 73.059 | 77.716 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 861.451 | 521.794 |
| Yfir 5 ár | 111.246 | 74.478 |
| Samtals | 1.222.246 | 858.260 |

## Lántaka

39. Lántaka er eingöngu í formi lána frá lánastofnunum og koma 20 millj. kr. til greiðslu innan árs.

## Aðrar skuldir

40. Ýmsar skuldir sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur og eignarskattur | 1.943 | 1.599 |
| Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða | 2.260 | 2.431 |
| Aðrar skuldir | 19.999 | 12.466 |
| Samtals | 24.202 | 16.496 |

## Reiknaðar skuldbindingar

41. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 70.463 |
| Greiddur lífeyrir | ( 1.573 ) |
| Hækkun skuldbindingar | 9.048 |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok | 77.938 |

42. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 24.358 |
| Tekjuskattur ársins | 2.470 |
| Tekjuskattur til greiðslu 2005 vegna ársins 2004 | ( 432 ) |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 26.396 |

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Eignarhlutir í félögum | 14.713 |
| Frestaður söluhagnaður | 10.119 |
| Rekstrarfjármunir | 1.564 |
| Tekjuskattsskuldbinding í árslok | 26.396 |

## Eigið fé

43. Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins skal stofnfé hans eigi vera lægra en 1,5 millj. kr. og skiptast í eigi færri en 60 hluti. Í árslok nam innborgað stofnfé 10 millj. kr. og skiptist það í 268 jafna hluti sem eru í eigu 77 aðila.

44. Yfirlit um eigið fé:

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2004 | 9.731 | 351.910 | 361.641 |
| Greiddur arður af stofnfé | | ( 1.460 ) | ( 1.460 ) |
| Endurmat stofnfjár | 486 | ( 486 ) | |
| Hagnaður ársins | | 14.322 | 14.322 |
| Eigið fé 31.12.2004 | 10.217 | 364.286 | 374.503 |

45. Eigið fé í árslok nemur 375 millj. kr. eða 12,9% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 17,0%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

| | Bókfærð staða | Vegin staða | |
|---|---|---|---|
| | | 2004 | 2003 |
| Áhættugrunnur: | | | |
| Bókfærðar eignir | 2.906.515 | 1.975.648 | 1.756.824 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | ( 40.720 ) | ( 37.882 ) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | 86.928 | 33.740 | 40.527 |
| Áhættugrunnur samtals | | 1.968.668 | 1.759.469 |

45. frh.

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Eigið fé: | | |
| Bókfært eigið fé | 374.503 | 361.641 |
| Eignarhlutir í fjármálastofnunum | ( 40.720 ) | ( 37.882 ) |
| Eigið fé samtals | 333.783 | 323.759 |
| Eiginfjárhlutfall | 17,0% | 18,4% |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

46. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 86.928 | 93.515 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir | 189.682 | 131.877 |

47. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggigasjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Í árslok 2004 hvílir ekki skuldbinding á sparisjóðnum vegna þessa.